

ERINDISBRÉF

fyrir ungmennaráð Húnaþings vestra

1. gr. stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð Húnaþings vestra starfar á fjölskyldusviði, er umræðu- og samstarfsvettvangur ungmenna á aldrinum 13 til 25 ára í Húnaþingi vestra og er sveitarstjórn ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í erindisbréfi þessau og með vísan til 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 með síðari breytingum. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs starfar með ráðinu.

2. gr. Skipan og seturéttur á fundum

Ungmennaráð er skipað sjö aðalfulltrúum og sjö til vara sem tilnefndir eru til setu í ráðinu í tvö ár í senn fyrir 15. september, sem skiptist þannig að aldrei fara allir úr ráðinu í einu heldur séu þrír nýir annað hvort ár og fjórir á móti annað hvort ár.

Eftirtaldir tilnefna aðal- og varafulltrúa til setu í ráðinu:

- Nemendaráð Grunnskóla Húnaþings vestra tilnefnir einn aðalfulltrúa og einn til vara.
- Framhaldsdeild Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra á Hvammstanga tilnefnir tvo aðalfulltrúa og einn til vara, svo fremi sem þar séu skráðir nemendur.
- USVH tilnefnir einn aðalfulltrúa og einn til vara.
- Æskulýðsstarf Hvammstangakirkju tilnefnir einn aðalfulltrúa og einn til vara.
- Sveitastjórn Húnaþings vestra tilnefnir tvo aðalfulltrúa og tvo til vara.

3. gr. Hlutverk og verksvið

Ungmennaráð gerir tillögur og/eða sendir erindi til viðkomandi fagráða sveitarfélagsins eða beint til sveitarstjórnar um þau mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungmenna í Húnaþingi vestra. Eins tekur ungmennaráð til umfjöllunar þau mál sem fagráð sveitarfélagsins eða sveitarstjórn sendir ráðinu til umsagnar eða umfjöllunar og önnur mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins. Ungmennaráð fylgist eftir því sem við á með því að stofnanir og svið sveitarfélagsins vinni með hagsmunum ungs fólks að leiðarljósi. Þannig er leitast við að efla umfjöllun sveitarstjórnar um málefni er tengjast ungu fólki.

4. gr. Helstu markmið

Helstu markmið ungmennaráðs eru eftirfarandi:

- Að vera umræðu- og samstarfsvettvangur ungmenna í Húnaþingi vestra.
- Að koma tillögum og skoðunum ungmenna til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að gera ákvarðanatöku í málefnum ungmenna sýnilegri og gegnsærri og auka tengsl fulltrúa ungmenna og sveitarstjórnar.
- Að gæta hagsmuna ungs fólks í sveitarfélaginu.

- Að gera tillögur til félagsmálaráðs um aðgerðir í forvörnum.
- Að vera til ráðgjafar varðandi aðstöðu og afþreyingarmöguleika ungs fólks.
- Að hvetja til þátttöku og þjálfa ungmenni í sveitarfélaginu í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að senda fulltrúa á ráðstefnur, þing og fleiri þess háttar viðburði er varða hagsmuni ungs fólks.

5. gr. Starfshættir og fundarsköp

Um starfshætti ungmennaráðs fer samkvæmt VI. kafla um stjórn Húnaþings vestra.

Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 15. september til 31. maí ár hvert.

Ungmennaráð kemur saman fyrir luktum dyrum að jafnaði 4 sinnum á tímabilinu 15. september til 31. maí ár hvert eða oftar ef þörf krefur að mati formanns og sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs boðar til fyrsta fundar ráðsins í september. Á fyrsta fundi skal ráðið skipta með sér verkum og kjósa formann og varaformann ásamt því að ákveða fastan mánaðarlegan fundatíma.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs eða staðgengill hans ritar fundargerðir.

Ungmennaráð fundar með sveitarstjórn Húnaþings vestra einu sinni á hverju starfsári, að jafnaði á vorin. Heimilt er að boða aðila á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Sveitarstjóri, oddviti og formaður byggðarráðs Húnaþings vestra hafa seturétt á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs í samráði við formann ráðsins boða til fundar með dagskrá. Í fundarboði skal tilgreina þau erindi sem taka skal á dagskrá og skulu öll nauðsynleg gögn fylgja fundarboðinu sem sent er út með rafrænum hætti. Dagskrá skal send til fundarmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra fulltrúa í ráðinu og skal það bókað í upphafi fundar. Heimilt er að kalla saman fund óski fulltrúar í ungmennaráði sérstaklega eftir því. Óski fulltrúi í ráðinu eftir að taka erindi á dagskrá skal hann tilkynna starfsmanni ráðsins það skriflega eða með rafrænum hætti og greina efni þess svo og að leggja fram þau fylgigögn sem nauðsynleg eru í því sambandi eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ungmennaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Skal það gert í upphafi fundar og þarfnast það samþykkis 2/3 hluta atkvæða. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver fulltrúi í ráðinu óskar þess.

Erindi skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða ungmennaráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu erinda á fundum ungmennaráðs.

Fundargerðir skal skrá í tölvu. Þar skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Jafnframt skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Birta

skal fylgigögn mála í samræmi við reglur um birtingu gagna með fundargerðum á heimasíðu Húnaþings vestra. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Heimilt er að undirrita fundargerðir með rafrænum hætti. Fundargerðir ráðsins eru teknar fyrir á sveitarstjórnarfundum. Sviðsstiðori kynnir afgreiðslu sveitarstjórnar á fundargerðum fyrir nefndarmönnum.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs kynnir fundarmönnum afgreiðslu sveitarstjórnar á fundargerðum ungmennaráðs.

6. gr. Réttindi og skyldur

Fulltrúa í ungmennaráði er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann ráðsins eða sviðsstjóra fjölskyldusviðs vita um forföll með góðum fyrirvara.

Fulltrúar í ungmennaráði skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum í ungmennaráði. Þetta ákvæði á einnig við um starfsmenn ungmennaráðs.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á.

7. gr. Þóknun

Þóknun fyrir fundasetu fer samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar um kjör fulltrúa í stjórnun ráðum og nefndum Húnaþings vestra og er að jafnaði greidd út tvisvar á ári, í júní og í desember. Greiðslur fyrir ferða- og uppihaldskostnað á fundum eða ráðstefnum utan Húnaþings vestra þarf að sækja um og fá samþykkt áður en til kostnaðar er stofnað. Ekki er greitt fyrir akstur á fundi innan Húnaþings vestra.

Samþykkt á 404. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra sem fram fór þann 11. júní 2026.